



Þingborg, 9. ágúst 2024

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir sumarsins 2024

Vinnuskóli Flóahrepps hóf störf 5. júní og lokadagur unglunga var 29. júlí. Starfsmenn vinnuskólans voru 27 og svo tveir verkstjórar, þau Sigurður Þór Emilsson og Þórunn Sturludóttir Schacht.

Lokadagur unglunga var 29. júlí en starfsmönnum sem voru að ljúka 10. bekk í vor gafst kostur á að starfa lengur og munu tveir starfsmenn starfa eitthvað í ágúst ásamt verkstjórum.

Tveir starfsmenn vinnuskólans störfuðu á reiðnámskeiði Sleipnis skv. samstarfssamningi undir stjórn umsjónarmanns reiðskóla Sleipnis og einn starfsmaður starfaði við sumarnámskeið hjá Selfoss körfu undir stjórn yfirþjálfara. Að auki fengu starfsmenn tækifæri á að vinna hluta af tímanum á leikskólanum Krakkaborg undir stjórn leikskólastjóra og deildarstjóra.

Vinnuskólinn hefur sinnt fjölbreyttum verkefnum í sumar en lokadagur hjá unglungunum var mánudaginn 29. júlí. Hér eru helstu verkefni sem þau komust yfir í sumar:

- Hreinsun á stéttum í kringum félagsheimilin og skólana.
- Lagfæring á leiktækjum og útsýnispalli á skólalóð.
- Leiktæki á skólalóð máluð og gamli kastalinn rifinn.
- Hluta af girðingu í kringum skólalóð löguð.
- Snyrting á trjám og greinar sagaðar við félagsheimilin og skólana.
- Borið á tréverk og palla við félagsheimilin, Flóaskóla og Krakkaborg.
- Nýr sandkassi smíðaður fyrir lóð Lóudeildar í Krakkaborg.
- Borið á skjólveggi á fótboltavelli.
- Snyrt til í kringum gömlu Þingborg.
- Hreinsun á grjótbeðum í kringum Þingborg og Félagslund.
- Slegið í kringum félagsheimili og skólann.
- Ruslatínsla á öllum helstu vegum sveitarfélagsins.
- Snyrt til í kringum allar kirkjurnar og slegið í Gaulverjabæjarkirkju.
- Aðstoð við þrif inni í Félagslund og Þingborg.
- Djúphreinsun á öllum stólum í Félagslund.
- Þrif á gluggum utan á Þingborg.
- Bílaþrif á bílum sveitarfélagsins.
- Ruslaferðir eftir framkvæmdir í Flóaskóla.
- Málun á bílastæði við Þingborg

Flóahreppur sótti um í samfélagsverkefni Landsvirkjunar „Margar hendur“ og fékk umsóknina samþykkt. Í því verkefni komu ungmenni sem eru í sumarstörfum hjá Landvirkjun í fimm daga til starfa innan Flóahrepps. Helstu verkefni þeirra voru að tína rusl meðfram þjóðvegi 1 og á opnum svæðum á iðnaðar- og athafnarsvæðinu í Heiðargerði, aðstoða skógræktarfélag við verkefni í Skagási, grisjun á trjám ásamt öðrum verkefnum.



Framkvæmdir við breytingar á núverandi húsnæði Flóaskóla hafa gengið vel og stefnt að því að allar stærstu breytingar innanhúss verði að fullu klárar við skólabyrjun í ágúst. Meðal annars er búið að stækka smíða-, heimilisfræði-, og myndmenntarstofu og færa kaffistofu og vinnurými kennara. Einnig er starfsmannainngangur færður í norðurenda húsnæðisins og smíðað bíslag undir brunastigann og skrifstofa ritara færð nær inngangi nemenda. Á allra næstu dögum verður farið í að saga hurðargöt út úr smíða- og heimilisfræðistofum en þar verður hægt að fara beint út á útikennslusvæði við stofurnar. Búið er að slá upp undirstöðum fyrir skjólveggi á útikennslusvæði og verið að undirbúa svæði fyrir malbikun. Einnig verður malbikað yfir það svæði þar sem gamli skólinn stóð áður og fyrir framan húsnæði frístundar.

Unnið er að undirbúningi þess að koma upp varaafli og ljósleiðaratengingu á alla dæluskúra vatnsveitunnar til að auka afhendingaröryggi vatns. RARIK vinnur að því að koma niður jarðstrengjum á stórum kafla í efri hluta sveitarfélagsins og mun það auka rafmagnsöryggi mikið á því svæði.

Sótt hefur verið um 7 ný tengingar við vatnsveituna í vor og sumar og er búið að tengja megnið af þeim.

Verktakar eru að undirbúa lagfæringar á fráveitukerfi í Brandshúshverfinu.

Búið er að sinna málun innan- og utanhúss í fasteignum sveitarfélagsins og það stendur til að klára að mála þakið á Þjórsárveri áður en sumarið er liðið. Auð auki hafa verið ýmis smærri viðhaldsverkefni.

Hefðbundið viðhald hefur verið á vatnsveitu þar sem verktakar sinna eftirliti, vaktsíma og lagfæringum skv. samningum.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri